

VERÐLAUNABÓK

Royal Society Young People's Book Prize 2013



The Royal Society Young People's Book Prize eru bresk verðlaun sem veitt eru höfundum bókar sem talið er að miðli vísindum á framúrskarandi hátt til ungra lesenda.

Viltu vita meira um himingeiminn? bar sigur úr þýtum sem skemmtilegasta vísindabókin árið 2013 en sex bækur kepptu til úrslita. Dórnafndin fékk sér til aðstoðar meira en þúsund ungmenni í hópum víðsvegar um Bretland. Einnig gátu hóparnir hlaðið inn myndskreiðum um bækurnar og voru veitt verðlaun fyrir besta myndbandið.

Í niðurstöðu dórnafndar segir að bókin sé heillandi kynning á því hvers vegna stjörnunar skína, hvernig tunglið varð til, um fjarlægjar vetrarbrautir og Alþjóðlegu geimstöðina. Þetta er gagnvirk bók sem afhjúpar marga af leyndardómum himingeimsins undir meira en 70 flípum. Skemmtilegar myndskreytingar og margvíslegur fróðleikur um undur alheimsins.

<http://royalsociety.org/awards/young-people/Rob-Lloyd-Jones/>

Bókin **Viltu vita meira um himingeiminn?** kom út á Íslandi hjá útgáfufyrirtækinu Rósakoti ehf. í byrjun september. Ráðgjafar við þýðingu hennar voru sérfræðingarnir Sverrir Guðmundsson og Sævar Helgi Bragason, ritstjórar hjá Stjörnufræðivefnum.

Þetta er önnur bókin í þessum bókaflökki en sú fyrsta, **Viltu vita meira um líkamann?** kom út sl. vor í þýðingu Hauks Heiðars Haukssonar, læknis.